

Breyting á rammasamningi

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sálfræðinga,
dags 29. desember 2009, sem framlengdur var þann 17. desember 2010.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á samningnum og gilda frá 1. febrúar 2018:

Eftirfarandi töluliðir bætast við gjaldskrá í 1 .mgr. 7. gr. samningsins

4. Sálfræðimeðferð barns, (tími barns með sálfræðingi a.m.k. 60 mín.)125 ein.
5. Ráðgjöf til forráðamanna barns, (tími hjá sálfræðingi a.m.k. 60 mín.).....125 ein.

Verð hverrar einingar, skv. 3. mgr. 7. gr., er kr. 119,-

Eftirfarandi mgr. bætist við 7. gr.

Sálfræðingur, sem rekur eigin starfstofu í húsnæði opinberrar stofnunar eða aðila sem fær fjárframlög frá ríki eða sveitarfélögum, sbr. 2. gr., skal fá í þóknun 2/3 hluta framangreindra eininga, en leggi hann fram bókahaldsgögn sem sýna að hann hafi útlagðan rekstrarkostnað, er nemur a.m.k. 1/3 af tekjum, fær hann fullan taxta. Til rekstrarkostnaðar telst m.a. kostnaður vegna húsaleigu, hita, rafmagns og síma.

Reykjavík 26. janúar 2018

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Guðlaug Björnsd
Angela Þorsteinsd